



8. fundur í aðalstjórn Aftureldingar miðvikudaginn 11. janúar 2017

Haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá kl. 18:15

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Ólafur Thoroddsen (ÓTh), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Geirarður Long (GL), Anna Fríða Magnúsdóttir (AFM) og Jón Júlíus Karlsson (JK) framkvæmdastjóri.

Auk þeirra sat Kjartan Þór Reinholdsson fráfarandi framkvæmdastjóri fundinn.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjármál deilda

Ester fór yfir fjármál nokkurra deilda.

Stjórnir deilda verða boðaðar á fund fulltrúa aðalstjórnar og skrifstofu til að ræða þá stöðu sem er komin upp.

2. Úthlutun rekstrarstyrkja

Farið yfir skiptingu á rekstrarstyrkjum yngri flokka. Samþykkt af aðalstjórn. Þarf að samræma tímabil starfstímans á milli nokkurra deilda.

3. Úthlutun meistaraflokksstyrkja

Ester kynnti úthlutun og var hún samþykkt. Ester greiðir út styrkina.

4. Fyrsta vika nýs framkvæmdastjóra, fráfarandi frkvstjóri gefur skýrslu um starfið

- Kjartan kom með ábendingar um það sem hann hafði séð í starfinu á þeim tíma sem hann var.
- Ákveðið að fá sérfræðing í DK til að koma og fara í gegnum það kerfi og hvernig hægt er að fullnýta það.

5. Samskipti félagsins og bæjarins.

Af gefnu tilefni.

Upp hafa komið mál þar sem deildir félagsins hafa farið og rætt sín mál við bæjaryfirvöld án vitneskju framkvæmdastjóra eða aðalstjórnar. Á fundi bæjaryfirvalda og forsvarsmanna félagsins bar þetta á góma. Aðalstjórn minnir því á að það er framkvæmdastjóri félagsins eða aðalstjórn sem tala máli félagsins á vettvangi bæjarins og biður forráðamenn deilda að snúa sér til framkvæmdastjóra með þau erindi sem þær vilja koma á framfæri. Hann eða aðalstjórn, eftir eðli hvers máls, fara og ræða málin fyrir hönd deilda.

Önnur mál

- Erindi, hádegisfundur ÍSÍ. Aftureldingu var boðið að koma ásamt Erindi og kynna hvernig við sjáum þetta samstarf fyrir okkur.
- Þorablótið. Verður haldið 21.janúar. Gengið frá miðum.
- 3.flokkur kvenna í knattspyrnu óskaði eftir því að fá eitt hverfi til að safna dósúm í. Þær eru á leið í keppnisferð og því fjáröflun. Eftir samráð við sunddeild var þessi beiðni samþykkt.

Fundi slitið kl 20.15
Krístrún Kristjánsdóttir
(sign).